

Nd.

573. Breytingartillögur

[43. mál]

við frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Sveitarstjórn getur falið stjórn verkamannabústaða að annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. svo og 53. gr. eftir því sem við á.

2. 4. gr. orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Matsnefnd félagslegra íbúða metur endursöluverð allra félagslegra íbúða, sbr. 54. og 65. gr. Skal nefndin taka tillit til byggingarkostnaðar á þeim tíma, sem mat fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, ástands íbúðar við sölu og aldurs íbúðar. Sveitarstjórn getur falið stjórn verkamannabústaða að annast endursölu íbúða.

Heimilt er að veita nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% endursöluverðs. Um lánskjör gilda ákvæði 52. gr. Heimilt er að láta fyrri lán Byggingarsjóðs verkamanna hvíla áfram á íbúð, þannig að kaupandi yfirtaki þau. Skal þá jafnframt heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna, þannig að heildarlán úr sjóðnum nemi allt að 90% endursöluverðs, enda greiði viðkomandi sveitarfélög 10% af hækkun lána úr Byggingarsjóði verkamanna á viðkomandi íbúð til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði, að frádrögnum kostnaði, rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Pegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna, gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

3. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

3. gr. laga þessara fellur úr gildi 1. janúar 1984.